

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1475

2015/EES/74/65

frá 27. ágúst 2015

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 284/2013 að því er varðar umbreytingarráðstafanirnar sem gilda um málsmeðferð varðandi plöntuverndarvörur**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE <sup>(1)</sup>, einkum b-lið 1. mgr. 78. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 284/2013 <sup>(2)</sup> var reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 545/2011 <sup>(3)</sup> felld úr gildi og mælt fyrir um nýjar kröfur um gögn varðandi plöntuverndarvörur.
- 2) Í reglugerð (ESB) nr. 284/2013 er mælt fyrir um umbreytingarráðstafanir varðandi framlagningu gagna vegna umsókna um samþykki, endurnýjunar á samþykki eða breytinga á skilyrðum fyrir samþykki vegna virkra efna, og varðandi framlagningu gagna vegna umsókna um leyfi, eins og um getur í 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, sem ná yfir endurnýjun á leyfi eða breytingar á leyfi vegna plöntuverndarvara, til þess að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þessar nýju kröfur.
- 3) Búist var við að allar umsóknir um endurnýjun leyfa fyrir vörum sem innihalda virk efni, sem eru endurnýjuð í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 <sup>(4)</sup>, yrðu lagðar fram fyrir 31. desember 2015. Þar af leiðandi hefði reglugerð (ESB) nr. 545/2011 gilt um þær umsóknir. Hins vegar er útlit fyrir að leggja verði sumar þessara umsókna fram eftir 31. desember 2015.
- 4) Í því skyni að tryggja allar að umsóknir um endurnýjun leyfa fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda efni, sem eru endurnýjuð í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1141/2010, falli undir sömu kröfur um gögn er rétt að kveða á um umbreytingarráðstafanir þannig að kröfurnar um gögn í reglugerð (ESB) nr. 545/2011 gildi um allar slíkar umsóknir.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

Eftirfarandi undirgrein bætist við 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 284/2013:

„Reglugerð (ESB) nr. 545/2011 skal gilda áfram að því er varðar málsmeðferð varðandi endurnýjun leyfa fyrir plöntuverndarvörum skv. 2. mgr. 43. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 eftir endurnýjun á virku efni sem fram fer samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1141/2010.“

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 225, 28.8.2015, bls. 10. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 266/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 284/2013 frá 1. mars 2013 um kröfur um gögn varðandi plöntuverndarvörur í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 93, 3.4.2013, bls. 85).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 545/2011 frá 10. júní 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar kröfur um gögn varðandi plöntuverndarvörur (Stjtið. ESB L 155, 11.6.2011, bls. 67).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjtið. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. ágúst 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---